

5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þ.m.t. geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkell, eir og sink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

*Gjört á Bessastöðum, 7. maí 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Siv Friðleifsdóttir.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um atvinnuleysisstryggingar, nr. 12/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „2.752 kr.“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 4.096 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Atvinnuleysisbætur skulu greiddar í samræmi við 1. gr. frá og með 1. mars 2004.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Árni Magnússon.*